

Frumvarp til laga

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).

Flm.: Sigríður Á. Andersen, Bergþór Ólason, Þorgrímur Sigmundsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

- a. 4. tölul. orðast svo: Þar sem íbúar eru fleiri en 50.000: 15–23 aðalmenn.
- b. 5. tölul. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þriðja skipti. Frumvarpið var síðast lagt fram á 156. löggjafarþingi (274. mál) og er nú endurflutt óbreytt.

Fyrsti flutningsmaður frumvarps þessa lagði fram samhljóða frumvarp á 145. löggjafarþingi (296. mál). Þá voru borgarfulltrúar Reykjavíkur 15. Hinn 19. september 2017 samþykkti borgarstjórn að fjölga borgarfulltrúum í 23 á því kjörtímabili sem hófst árið eftir. Fjölgunin var rökstudd með vísan til 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um fjölda sveitarstjórnarmanna í sveitarfélögum. Í 4. tölul. málsgreinarinnar segir að þar sem íbúar séu 50.000–99.999 skuli sveitarstjórnarmenn vera 15 hið fæsta en 23 hið flesta. Í 5. tölul. segir síðan að þar sem íbúar séu 100.000 eða fleiri skuli sveitarstjórnarmenn vera „23–31 aðalmenn“, eins og það er orðað í lögnum. Augljóst er að nú og um fyrirsjáanlega framtíð er 5. tölul. ætlað að vera sérstakt ákvæði um fjölda sveitarstjórnarmanna í Reykjavík og samkvæmt því getur allt að 31 aðalmaður setið í borgarstjórn Reykjavíkur í senn.

Borgarfulltrúar í Reykjavík eru nú þegar orðnir 23 og hafa aldrei verið fleiri. Á kjörtímabilinu 1978–1982 var ákveðið að fjölga borgarfulltrúum úr 15 í 21 en strax á næsta kjörtímabili ákvað borgarstjórn að fækka þeim aftur í 15 og hefur síðan ekki séð ástæðu til að fjölga þeim aftur. Engin ástæða er til að löggjafinn þvingi borgaryfirvöld til slíkrar fjölgunar og er því lagt til að heimilt verði að borgarfulltrúar verði 15.

Í Reykjavík eru 6.030 íbúar á borgarfulltrúa. Í samanburði við aðrar höfuðborgir á Norðurlöndum er hlutfall borgarfulltrúa á íbúa langhæst í Reykjavík. Í Kaupmannahöfn eru 11.600 íbúar á borgarfulltrúa, í Ósló eru 11.960 íbúar á borgarfulltrúa, í Stokkhólmi eru 9.740 íbúar á borgarfulltrúa og í Helsinki eru 8.081 íbúar á borgarfulltrúa.

Í Reykjavík eru allir borgarfulltrúar í fullu starfi og fyrsti varamaður fyrir hvern stjórn-málaflokk er einnig á fullum launum þótt lægri sé en laun borgarfulltrúa. Það má því segja að 31 kjörinn fulltrúi starfi á fullum launum við að sinna borgarmálum. Annars staðar á Norðurlöndum eru það einkum borgarráðsfulltrúar sem eru í fullu starfi í borgarstjórn. Aðrir borgarfulltrúar eru í hlutastarfi og starfa gjarnan við annað samhliða.

Með breytingunni er einnig lagt til að hámarksfjöldi borgarfulltrúa verði færður niður í 23. Eins og áður var rakið hefur borgarstjórn aðeins einu sinni ákveðið að fjölga borgarfulltrúum svo að þeir verði fleiri en fimmtán, og sú fjölgun var dregin til baka strax á næsta kjörtímabili. Engin ástæða er til að ganga svo langt í lögum að í borgarstjórn geti setið allt að 31 aðalmaður enda mun Reykjavíkurborg ekki hafa óskað eftir slíkri lagaheimild.

Mikilvægt er að sveitarfélög hafi sjálfðæmi um fjölda sveitarstjórnarmanna. Þróunin hefur verið í átt til fækkunar sveitarstjórnarmanna en ekki fjölgunar. Mikilvægt er að löggjöf hindri ekki nauðsynlega hagræðingu að því leyti.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.